

Mál nr. 82/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði þann 4.4.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.5.2008.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B mun hafa verið lagt í stöðureiti á bifreiðastæði við bóknámshús Fjölbrautaskóla Norðvesturlands, Sauðárkróki. Snéru afturendar bifreiðanna skáhallt á móti hvor öðrum og akleið var á milli stöðureitanna. A var ekið aftur á bak úr stöðureitnum og lagt á hana til hægri. B var einnig ekið aftur á bak úr stöðureit og lagt á hana til hægri. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra afturhorn B. Er áreksturinn varð, var A komin í beina akstursstefnu eftir akleið þeirri sem skildi stöðureitina að. B var á hinn bóginn skökk fyrir á akleiðinni. Í sameiginlegri tjónstilkynningu er merkt í reiti varðandi tjónsatvik að bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak (reitir nr. 14).

Ökumaður A kvaðst hafa verið að bakka úr stöðureitnum, litið í spegla en engan séð á ferð. Hann hafi verið kominn alveg úr stöðureitnum er hann fann fyrir höggi. Þá hafi B verið komin í hliðina á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið mjög rólega úr stöðureitnum. Hann hafi litið í baksýnispegil og séð A koma á “ágætri ferð”. Hann hafi hemlað og verið kominn í hlutlausan þegar A lenti á B. Hann hafi ætlað að reyna að koma í veg áreksturinn en ekki tekist.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið í sömu andrá og bifreiðunum var ekið aftur á bak úr stöðureitum inn á akleið á milli þeirra. Engum vitnum er til að dreifa. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé óhætt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Af framburði ökumanns A verður ekki annað ráðið en að hann hafi ekki vitað um ferðir B fyrir en áreksturinn varð. Ökumaður B staðhæfir að hafa náð að stöðva B áður en árekstur varð. Þrátt fyrir stöðu A á akleiðinni verður ekki staðhæft að ökumaður A hafi ekið inn á hana á undan B. Þá verður heldur ekki staðhæft að ökumaður B hafi tekið eftir ferðum A áður en í óefni var komið. Er ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því og með vísan til 89. gr. ufl. verður sök skipt að jöfnum milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.